



SAMKEPPNISSTOFNUN

Ársskýrsla 2002

EFNISYFIRLIT

- 2 STAÐA OG HLUTVERK
SAMKEPPNISYFIRVALDA
- 3 VIRK SAMKEPPNI – STYRK SAMKEPPNISLÖG
GEORG ÓLAFSSON, FORSTJÓRI
SAMKEPPNISSTOFNUNAR
- 5 YFIRLIT YFIR STARFSEMI
SAMKEPPNISSTOFNUNAR 2002
- 10 SAMKEPPNISSTOFNUN Í FJÖLMIÐLUM
752 FRÉTTIR OG GREINAR Á ÁRINU 2002
- 12 ÁKVARÐANIR SAMKEPPNISRÁÐS
- 13 ÁLIT SAMKEPPNISRÁÐS
- 13 BIRTAR KANNANIR
SAMKEPPNISSTOFNUNAR
- 14 REKSTRARKOSTNAÐUR
- 14 ÞJÓNUSTUVÍSAR
- 14 SKIPURIT SAMKEPPNISSTOFNUNAR
- 15 SAMKEPPNISRÁÐ OG STARFSMENN
SAMKEPPNISSTOFNUNAR

▶ STAÐA OG HLUTVERK SAMKEPPNISSTOFNUNAR

STAÐA OG HLUTVERK

Samkeppnisyfirvöld, þ.e. samkeppnisráð og Samkeppnisstofnun, heyra undir viðskiptaráðuneyti og starfa samkvæmt samkeppnislögum nr. 8/1993, með síðari breytingum.

Samkeppnisráð tekur ákvarðanir í öllum málum þar sem skorið er úr ágreiningi um gildissvið samkeppnislaga og í málum sem hafa stefnumarkandi eða viðtæk áhrif. Ráðið tekur jafnframt ákvarðanir um aðgerðir, bönn og sektir á grundvelli samkeppnislaga.

Samkeppnisstofnun undirbýr mál sem lögð eru fyrir samkeppnisráð og ráðgjafarnefndir þess og annast dagleg störf ráðsins. Þá annast stofnunin samskipti ráðsins við einstaklinga, fyrirtæki, fjölmiðla, stofnanir, stjórnvöld og dómstóla. Samkeppnisstofnun er heimilt að taka ákvarðanir til bráðabirgða og er falið ákvarðanavald á afmörkuðum sviðum. Samkeppnisstofnun annast jafnframt eftirlit með lögum um neytendalán, lögum um alferðir, lögum um húsgöngu- og fjarsölusamninga, lögum um rafræn viðskipti og aðra rafræna þjónustu og lögum um jöfnun á flutningskostnaði olíuvara.

Hægt er að kæra ákvarðanir samkeppnisráðs og Samkeppnisstofnunar til sjálfstæðrar nefndar, áfrýjunarnefndar samkeppnismála. Samkeppnisstofnun annast málflytning, fyrir hönd samkeppnisráðs, fyrir áfrýjunarnefnd.

► VIRK SAMKEPPNI – STYRK SAMKEPPNISLÖG - Georg Ólafsson

VIRK SAMKEPPNI

Áratugur er liðinn frá því að samkeppnislögin gengu í gildi. Þótt erfitt sé að finna óumdeilanlegan kvarða, sem mælir árangur af framkvæmd laganna, velkjast fáir í vafa um að á þessu tímabili hefur samkeppni í viðskiptum almennt eflst og hagur neytenda batnað. Það má ekki gleyma því að ávinningur neytenda af samkeppni getur verið mikill. Samkeppni stuðlar að því að neytendur fái sem besta vöru og þjónustu á sem lægstu verði. Hún leiðir einnig til þess að fyrirtæki eru knúin til að þróa nýjar eða endurbættar vörur og bæta stöðugt þjónustu sína. Í markaðshagkerfi er samkeppni í raun helsta vörn neytenda t.d. gegn óeðlilegum verðhækkunum og slæmri þjónustu fyrirtækja.

Framan af áratugnum lögðu samkeppnisyfirvöld áherslu á fræðslu um þær breyttu leikreglur sem lögin fólu í sér. Samhliða var sjónum einkum beint að opinberum samkeppnishömlum. Tíðkast hafði að rekstur, sem naut opinberrar verndar, greiddi niður annan rekstur hins opinbera sem var í samkeppni á frjálsum markaði. Þar sem í lögnum var ákvæði, sem með afdráttarlausum hætti var sniðið að því að uppræta samkeppnishömlur af þessu tagi, var eðlilegt að byrja á að beina sjónum að þeim.

Samkeppnisyfirvöldum varð töluvert ágengt í baráttunni gegn opinberum samkeppnishömlum og það féll í góðan jarðveg hjá atvinnulífínu. Einkafyrirtæki tóku því fagnandi að samkeppnisstaða þeirra væri leiðrétt svo að þau sætu við sama borð og opinber fyrirtæki og gætu keppt við þau á jafnréttisgrundvelli. Það var helst að heyra að ýmsir í atvinnulífínu teldu að samkeppnisyfirvöld mættu ganga harðar fram og beita sektarákvæðum laganna.

Hin síðari ár hafa samkeppnisyfirvöld í auknum mæli beint sjónum sínum að samkeppnishamlandi hegðun einkafyrirtækja. Ákvarðanir hafa verið teknar í málum sem varða misnotkun á markaðsráðandi stöðu, verðsamráð keppinauta og þar sem samruni hefur raskað samkeppni. Sum þessara mála hafa verið umfangsmikil og alvarleg. Árið 2001 var sektarákvæði samkeppnislaga beitt í fyrsta sinn og hefur sektum verið beitt í ýmsum málum eftir það. Heimildum samkeppnislaga til húsleitar hefur og verið beitt og er mörgum minnisstæð sú umræða sem átti sér stað í kjölfar húsleitar hjá olíufélögunum í desember 2001. Sum þessara mála hafa verið umdeild og orðið tilefni harðrar gagnrýni frá hagsmunasamtökum fyrirtækja og í maí 2002 kom út skýrsla hjá Samtökum atvinnulífsins þar sem lagt var til að samkeppnislögum yrði breytt. Var m.a. lagt til að sektarákvæði laganna yrðu þrengd og heimild til afskipta af samruna fyrirtækja yrði felld brott. Jafnframt var lagt til að settar yrðu sérstakar reglur um húsleit Samkeppnisstofnunar.

Málefnaleg gagnrýni á samkeppnisyfirvöld er sjálfsögð og æskileg. Jafnframt er það fagnaðarefni að hagsmunasamtök setji fram rökstuddar tillögur um lagabreytingar því að það stuðlar að upplýstri umræðu. Hins vegar hefur komið nokkuð á óvart hve breið samstaða virðist vera innan Samtaka atvinnulífsins um að veikja samkeppnislögin, sem yrði óhjákvæmileg afleiðing þess að umræddar tillögur yrðu lögfestar. Í því sambandi skiptir máli að það eru ekki einungis neytendur sem njóta ávaxtanna af virkri samkeppni. Það gera fyrirtækin einnig. Samkeppnin kemur atvinnulífínu til góða, hún agar fyrirtækin, stuðlar að nýsköpun og framförum í rekstri og gerir þeim frekar kleift að ná t.d. árangri á erlendum mörkuðum. Að sama skapi er ljóst að alvarlegar samkeppnishömlur, eins og t.d. verðsamráð keppinauta, geta valdið öðrum fyrirtækjum miklu tjóni. Of hátt verð, sem leiðir af verðsamráði, dregur úr

samkeppnishæfni og minnkar arðsemi þeirra fyrirtækja sem eiga viðskipti við samráðsfyrirtækin.

Alvarlegar samkeppnishindranir geta einnig í vissum tilvikum leitt af samruna fyrirtækja. Það er erfitt að trúa því að breið samstaða geti orðið um það í þjóðfélaginu að engin úrræði séu í lögum til að taka á því ef stærstu fyrirtæki á mikilvægum mörkuðum rygnu saman ef sýnt er fram á að samruni fyrirtækjanna skaði samkeppni. Hvaða áhrif halda menn að slíkt hefði á verð og þjónustu t.d. þegar stærsti keppinauturinn hverfur og eitt fyrirtæki verður eftir á markaðnum? Hvernig yrði samkeppnisstaða þeirra fyrirtækja sem háð eru viðkomandi fyrirtækjum með aðföng eða þjónustu ef slíkur samruni ætti sér stað? Jafnvel þótt samkeppnisyfirvöld gætu gripið inn í misnotkun markaðsráðandi stöðu hjá slíkum fyrirtækjum gætu þau aldrei, við slíkt eftirlit, endurvakið þá markaðskrafta sem skapast einfaldlega af því að það eru fleiri en einn viðsemjandi á viðkomandi markaði. Finnst íslenskum fyrirtækjum það eftirsóknarverð framtíðarsýn að þurfa að kvarta til Samkeppnisstofnunar í tengslum við veigameiri samskipti sín við hið sameinaða fyrirtæki í stað þess að geta beint viðskiptum sínum annað? Sú alvarlega röskun á samkeppni, sem samruni getur valdið, á sér helst stað á mörkuðum þar sem mikilla aðgangshindrana gætir. Slíka markaði er víða að finna hér á landi m.a. vegna landfræðilegrar legu landsins og fámennis.

Virk samkeppni hlýtur því að vera sameiginlegt hagsmunamál neytenda og fyrirtækja og í raun þjóðfélagsins alls. Flest ríki, sem byggjast á markaðsbúskap, eru sammála því að samkeppnislög séu nauðsynlegt tæki til að stuðla að virkri samkeppni. Það ætti því að vera keppikefli, bæði íslenskra fyrirtækja og neytenda, að hér á landi gildi styrk samkeppnislög sem öflug samkeppnisyfirvöld framfylgja af festu.

Þróun erlendis mælir heldur ekki með því að veikja samkeppnislögin. Erlendar systurstofnanir Samkeppnisstofnunar og alþjóðasamtök, eins og OECD, hafa að undanförunu fjallað talsvert um afleiðingar af samkeppnishamlandi samráði keppinauta. Niðurstaðan virðist vera sú að slíkt samráð sé æ algengara og skaðlegar afleiðingar þess séu mun meiri en áður var talið. Í skýrslum OECD er hvatt til þess að aðildarríki styrki viðurlög sín við þessum brotum og beiti t.d. háum sektum til að tryggja að fyrirtæki geti ekki hagnast á slíku athæfi. OECD hefur einnig bent á að reynslan sýni að fyrirtæki gangi sífellt lengra í viðleitni sinni til að fela þessi brot. Sem dæmi er bent á mál þar sem stjórnendur stórfyrirtækis gættu þess að geyma allar upplýsingar um samráð á tölvudiski sem falinn var uppi á hálofti heima hjá ömmu eins stjórnandans. Einnig er sagt frá máli þar sem samkeppnisyfirvöld sendu ósk um upplýsingar og í kjölfarið fluttu stjórnendur fyrirtækisins skjöl út á víðavang þar sem það tók daginn að brenna þau í fjórum stórum bálkóstum, eins og það er orðað í skýrslu OECD. Þessi aukna vitneskja um afleiðingar og eðli samráðs keppinauta hefur leitt til þess að ýmis ríki hafa nýlega breytt samkeppnislögum sínum og styrkt þau. Þannig hafa t.d. Bretar og Írar hert mjög viðurlög og eflt rannsóknarúrræði í þessum málaflokki. Nú varðar t.d. verðsamráð fangelsi í Bretlandi og er, auk húsleitar, heimilt að beita hlerunum við rannsókn á verðsamráði. Danir hafa nýlega styrkt sektarákvæði danskra samkeppnislaga og ákvæði um húsleit. Í Noregi hefur verið lagt fram frumvarp sem miðar að verulegri styrkingu samkeppnislaga. Evrópusambandið hefur samþykkt reglugerð sem heimilar leit á heimilum stjórnenda fyrirtækja. Sambærileg þróun hefur einnig átt sér stað varðandi samrunareglur. Það virðist vera samstaða um að samrunaeftirlit sé nauðsynlegur hluti af nútíma samkeppnislöggjöf og þau ríki, sem ekki hafa haft samrunareglur, hafa tekið þær upp á undanförunum árum.

Hér á landi var samkeppnislögunum breytt árið 2000 og þau efl. Góð samstaða var um þær breytingar á Alþingi. Það er von okkar að samkeppnisfyrirvöld muni áfram hafa burði og öflug tæki til að uppræta alvarlegar samkeppnishömlur, neytendum og atvinnulífínu til góðs.

► YFIRLIT YFIR STARFSEMI SAMKEPPNISSTOFNUNAR

Segja má að starfsemi Samkeppnisstofnunar sé þrískipt í samræmi við meginefnisþætti samkeppnislaga. Samkeppnisvið hefur með höndum mál sem varða hvers kyns samkeppnishindranir hvort heldur um er að ræða samstarf fyrirtækja, misnotkun á markaðsráðandi stöðu, opinberar samkeppnishömlur eða samruna fyrirtækja. Markaðsmálasvið hefur með höndum mál sem lúta að óréttmætum viðskiptaháttum og villandi upplýsingastarfsemi ásamt eftirliti með ýmsum sérlögum. Stjórnýslusvið hefur meðal annars með höndum rekstur skrifstofu stofnunarinnar, tölvumál og þau mál sem tengjast gagnsæi markaðarins. Undir gagnsæi markaðarins fellur vinna við að efla verðskyn neytenda og það að auðvelda neytendum og fyrirtækjum yfirsýn yfir markaðinn meðal annars með gerð verðkannana.

● SAMKEPPNISVIÐ

Í ársskýrslu Samkeppnisstofnunar fyrir árið 2001 var fjallað í nokkrum orðum um rannsókn á meintum brotum oliufélaganna hér á landi á ákvæðum samkeppnislaga sem hófst með húsleit í desember árið 2001. Stofnunin gerði þá að því skóna að vinna við rannsóknina myndi veða þungt í störfum stofnunarinnar á árinu 2002. Það reyndist rétt ályktað því að jafnaði unnu rúmlega tveir af þeim níu sérfræðingum, sem koma að samkeppnismálum, allt árið að umræddri rannsókn. Þess er vænst að henni ljúki fyrir árslok 2003. Þá fóru um tvö ársverk í að rannsaka önnur umfangsmikil mál sem ekki lauk á árinu 2002. Þar á meðal er rannsókn á meintri misnotkun Hf. Eimskipafélags Íslands á markaðsráðandi stöðu í sjóflutningum sem hófst með húsleit í september. Vegna mikillar vinnu við umfangsmikil mál, sem ekki var lokið við á árinu 2002, komu færri samkeppnismál til ákvörðunar samkeppnisráðs en oft áður.

Ákvarðanir

Árið 2002 voru ekki teknar margar stefnumarkandi ákvarðanir í samkeppnismálum. Þó má nefna samrunamál þar sem sett voru skilyrði af hálfu samkeppnisráðs fyrir samningum, svo sem vegna kaupa Byko hf., Húsmiðjunnar hf. og Kaupfélags Skagfirðinga svf. á hlutum í Steinullarverksmiðjunni hf. (ákvörðun nr. 19/2002), ákvörðun í tilefni samnings Baugs Group hf. og Eignarhaldsfélagsins Fengs hf. um stofnun á félagi um rekstur Ávaxtahússins ehf. og Banana ehf. (ákvörðun nr. 38/2002) og skilyrði vegna yfirtöku Sláturfélags Suðurlands svf. á Reykjagarði hf. (ákvörðun nr. 39/2002). Einnig er ástæða til að geta sérstaklega um erindi Aalborg Portland Íslandi hf. vegna viðskiptahátta Sementsverksmiðjunnar hf. (ákvörðun nr. 32/2002). Í því máli komst samkeppnisráð að þeirri niðurstöðu að Sementsverksmiðjan væri ekki í markaðsráðandi stöðu í skilningi samkeppnislaga þrátt fyrir 70-80% markaðshlutdeild. Vegna sérstakra aðstæðna á sementsmarkaðnum var það mat samkeppnisráðs að hvorki Sementsverksmiðjan né Aalborg Portland Íslandi væru markaðsráðandi í sölu sements á Íslandi. Aðstæður á markaðnum væru þannig að samkeppnislegur styrkur væri í höndum einstakra stórra kaupenda sements en ekki seljendanna.

Nýjar reglur í samkeppnismálum

Árið 2002 setti samkeppnisráð venju fremur margar reglur sem lúta að samkeppnismálum. Settir voru fjórir reglubálkar um hópundanþágur en þær byggjast allar á samskonar reglum og þeim sem gilda í EES-rétti. Hópundanþágurnar taka til flokka lóðréttra samninga og samstilltra aðgerða (nr. 256/2002), flokka samninga um rannsóknir og þróun (nr. 257/2002), flokka samninga um sérhæfingu (nr. 259/2002) og tiltekinn flokka samninga um tæknilega yfirfærslu (nr. 260/2002). Samkeppnisstofnun birti einnig leiðbeiningar við allar reglurnar.

Þá samþykkti samkeppnisráð reglur um atvik sem leiða til niðurfellingar sekta eða ákvarðana um að lækka sektir í málum er varða ólöglegt samráð fyrirtækja (nr. 397/2002). Með samþykkt þessara reglna eru íslensk samkeppnisyfirlit í hópi þeirra sem hvað fyrst taka upp slíkar reglur. Með því að umbuna fyrirtækjum er þeim gert auðveldara að láta af og upplýsa samkeppnisyfirlit um samkeppnishamlandi samráð sem fyrirtækin eru eða hafa verið aðilar að. Við rannsókn Samkeppnisstofnunar á meintu ólöglegu samstarfi íslensku oliufélaganna reið Ólíufélagið hf. á vaðið og gekk til samstarfs við stofnunina um að upplýsa málið í því skyni að lækka hugsanlegar sektir fyrirtækisins.

Loks setti samkeppnisráð leiðbeinandi reglur um viðskipti birgja og matvöruverslana. Þær voru settar í kjölfar rannsóknar sem byggðist á skýrslu Samkeppnisstofnunar á matvörumarkaðnum sem út kom árið 2001. Reglurnar eru hugsaðar til leiðbeiningar einkum fyrir markaðsráðandi fyrirtæki og eiga að vera þeim vísbending um það hvers konar hegðun eða háttsemi samræmist eða samræmist ekki samkeppnislögum.

Annað

Auk þess að rannsaka og undirbúa mál, sem varða hugsanlegar samkeppnishömlur, til umfjöllunar í samkeppnisráði, tekur Samkeppnisstofnun til varnar fyrir hönd samkeppnisráðs þegar málum er skotið til áfrýjunarnefndar samkeppnismála. Fer allmikil vinna í undirbúning mála sem nefndin fjallar um. Svo að dæmi sé tekið úrskurðaði áfrýjunarnefnd í 20 málum á árinu 2002, þar af 12 samkeppnismálum.

Þá hafa starfsmenn Samkeppnisstofnunar, auk þess sem að framan er getið, komið að undirbúningi nokkurra mála sem hafa verið til meðferðar hjá dómstólum. Að mati Samkeppnisstofnunar er ástæða til að nefna dómsmál sem höfðað var gegn stofnuninni í kjölfar húsleitar hennar hjá oliufélagunum 18. desember 2001, þar sem ætla má að niðurstaða þess sé mikilvægt fordæmi. Í málinu var þess meðal annars krafist að Samkeppnisstofnun yrði gert að eyða afritum af öllum skjölum í tölvutæku formi sem hald var lagt á í áður nefndri húsleit. Kröfunni var hafnað bæði af hálfu Héraðsdóms Reykjavíkur og Hæstaréttar. Í dómi Hæstaréttar segir m.a.: „Við framkvæmd rannsóknar á skrifstofum varnaraðila afritaði sóknaraðili (innsk.: Samkeppnisstofnun) meðal annars verulegan fjölda tölvutækra gagna án þess að athuga nánar efni þeirra þá þegar. Þótt ætla verði að sóknaraðili hafi með þessu tekið í vörslu sína mikið af gögnum, sem geta ekki varðað rannsókn hans, verður ekki horft fram hjá því að athugun allra tölvutækra gagna á vettvangi hefði bersýnilega tekið langan tíma og truflað mjög starfsemi varnaraðila. Að þessu gættu er ekki unnt að líta svo á að aðgerðir sóknaraðila hafi farið úr hófi enda helgaðist heimild hans til húsleitar af því að á skrifstofum varnaraðila kynnu að finnast gögn, sem vörðuðu rannsókn hans, þar á meðal í tölvutæku formi.“

● MARKAÐSMÁLASVIÐ

Til kasta markaðsmálasviðs koma mál sem falla undir óréttmæta viðskiptahætti, neytendalán, alferðir, húsgöngu- og fjarsölusamninga. Einnig bættist við á árinu eftirlit með rafrænum viðskiptum og annarri rafrænni þjónustu. Til meðferðar markaðsmálasviðs á árinu 2002 komu alls um 150 mál. Flest þeirra afgreiddi Samkeppnisstofnun með tilmælum, ábendingum eða sátt. Samkeppnisráð ákvarðaði um þrettán málanna en sjö ákvörðunum var áfrýjað til áfrýjunarnefndar samkeppnismála.

Ákvarðanir

Í desember árið 2000 voru gerðar breytingar á samkeppnislögum sem meðal annars fólu í sér virkari úrræði samkeppnisyfivalda til að taka á þeim fyrirtækjum sem brjóta gegn góðum viðskiptaháttum eða birta rangar og villandi auglýsingar. Samkeppnisráð getur nú lagt stjórnvaldssektir á fyrirtæki sem brjóta gegn ákvörðunum, reglum eða fyrir mælum ráðsins og geta sektir numið allt að 10 milljónum króna.

Áhrif þessara breytinga á lögunum komu skýrt fram í ákvörðunum samkeppnisráðs á árinu 2002. Samkeppnisráð lagði stjórnvaldssektir á alls fimm fyrirtæki í ferðapjónustu, samtals að fjárhæð 1,8 milljónir króna, fyrir ófullnægjandi verðupplýsingar í auglýsingum. Forsaga þessa er sú að þrátt fyrir fjölmargar ábendingar og tilmæli á undanförunum árum auglýstu ferðapjónustufyrirtæki verð nærri undantekningarlaust án flugvallaskatta. Í lok febrúar 2002 sendi Samkeppnisstofnun fyrirtækjum í ferðapjónustu bréf þar sem rakin voru ákvæði laga og reglna sem gilda um verðupplýsingar í auglýsingum og úrræði samkeppnisyfivalda ef brotið er gegn þeim. Fyrirtækjunum var gefinn frestur til að koma auglýsingum í rétt horf en að honum liðnum mætti gera ráð fyrir aðgerðum af hálfu samkeppnisyfivalda. Þrátt fyrir viðvaranir birtu fimm fyrirtæki auglýsingar á ferðum þar sem flugvallaskattar voru ekki innifaldir; Heimsferðir ehf. (ákvörðun nr. 9/2002), Úrval Útsýn hf. (ákvörðun nr. 10/2002), Plúsferðir ehf. (ákvörðun nr. 11/2002), Flugleiðir hf. (ákvörðun nr. 12/2002) og Heimsklúbbur Ingólfs – Ferðaskrifstofan Príma hf. (ákvörðun nr. 31/2002). Samkeppnisráð sektaði fyrirtækin um 300-400 þúsund krónur hvert. Þrjú fyrirtækjanna áfrýjuðu ákvörðunum samkeppnisráðs til áfrýjunarnefndar samkeppnismála sem í öllum tilvikum staðfesti ákvarðanirnar. Telja má að þessar aðgerðir hafi skilað tilætluðum árangri þar sem uppgæfið verð í auglýsingum í ferðapjónustu inniheldur nú ávallt flugvallaskatta eins og reglur segja til um.

Samkeppnisráð beitti einnig stjórnvaldssektum í máli gegn Seglagerðinni Ægi ehf. (ákvörðun nr. 30/2002). Samkeppnisstofnun hafði bannað Seglagerðinni Ægi að birta fullyrðingar um Palomino fellihýsi og Holiday Camp tjaldvagna þar sem þær brytu í bága við ákvæði 20. gr. a og 21. gr. samkeppnislaga. Þrátt fyrir bannið hélt fyrirtækið áfram að birta fullyrðingarnar. Samkeppnisráð taldi nauðsynlegt að beita úrræðum samkeppnislaga þar sem rangar og villandi upplýsingar í auglýsingum villi fyrir neytendum og skaði þá. Slík háttsemi fyrirtækja skekkir einnig eðlilega samkeppni á viðkomandi markaði. Samkeppnisráð gerði því Seglagerðinni Ægi að greiða 400 þúsund krónur í stjórnvaldssekt. Áfrýjunarnefnd samkeppnismála staðfesti ákvörðun samkeppnisráðs.

Á árinu afgreiddi samkeppnisráð kvörtun Neytendasamtakanna yfir ábyrgðarskilmálum EJS hf. (ákvörðun nr. 25/2002). Kvörtunin sneri meðal annars að því að fyrirtækið undanþiggur hugbúnað fyrir tölvur ábyrgð. Samkeppnisráð taldi að afhending hugbúnaðar til neytenda félli ekki undir leigu eins og EJS hélt fram heldur lausafjárkaup. Kaupalög tryggja rétt kaupanda til að bera fyrir sig galla á söluhlut í tvö ár frá því að kaup eiga sér stað. Samkeppnisráð taldi að EJS hefði brotið gegn ákvæðum 24. gr. samkeppnislaga með yfirlýsingum um enga ábyrgð á hugbúnaði. Jafnframt hefði fyrirtæki brotið gegn ákvæðum 20. gr. um góða viðskiptahætti og 23. gr. þar sem skilmálarnir væru á ensku. Samkeppnisráð ógilti því yfirlýsingu EJS um enga ábyrgð á hugbúnaði í neytendakaupum.

Annað

Eftirlit með óréttmætum viðskiptaháttum og aðgerðir Samkeppnisstofnunar í þeim málaflokki stuðla meðal annars að því að neytendum séu ekki veittar rangar, ófullnægjandi eða villandi upplýsingar í auglýsingum. Auglýsendur verða því að geta fært sönnur á allar fullyrðingar auglýsinga um gæði og áhrif vara þeirra. Sé það ekki hægt má gera ráð fyrir að fullyrðingarnar brjóti í bága við ákvæði samkeppnislaga. Flest mál markaðsmálasviðs falla undir þennan flokk. Á hverju ári koma til meðferðar mörg smærri mál sem varða auglýsingar, þar með talin notkun efsta stigs lýsingarorða, svo sem best og stærst, og orða eins og frítt og ókeypis. Árið 1993 kvað Hæstiréttur upp úrskurð um að notkun orðsins ókeypis væri villandi í auglýsingum væri afhending hlutarins háð skilyrðum um kaup annars hlutar. Markaðsmálasvið Samkeppnisstofnunar þarf á hverju ári að hafa afskipti af fjölda auglýsinga sem brjóta í bága við ákvæði samkeppnislaga. Þeim lýkur flestum með tilmælum til auglýsenda og sátt um málalok.

Þá bárust Samkeppnisstofnun á árinu 2002 fjölmörg mál sem varða 25. gr. samkeppnislaga. Greinin tekur til notkunar firmanafna og annarra auðkenna fyrirtækja og villandi notkunar slíkra nafna og merkja. Virðist aukin harka færast í samkeppni fyrirtækja í líkum rekstri sem lýsir sér meðal annars í því að fyrirtækin sjá sér hag í að nota áþekk nöfn og reyna að líkja sem mest eftir þekktum vörumerkjum og slagorðum keppinauta.

● GAGNSÆI MARKAÐARINS

Í VII. kafla samkeppnislaga er kveðið á um eftirlit með gagnsæi markaðarins. Til að auka gagnsæi markaðarins hefur Samkeppnisstofnun eftirlit með verðmerkingum og birtir verðkannanir á vörum og þjónustu eftir því sem ástæða þykir til. Tilgangurinn er að stuðla að og efla virka samkeppni og auðvelda neytendum og fyrirtækjum að hafa yfirsýn yfir markaðinn. Því gagnsærri, sem markaðurinn er, þeim mun betri forsendur eru fyrir virkri samkeppni. Í þessum kafla laganna eru einnig heimildarákvæði handa Samkeppnisstofnun um að setja reglur um verðmerkingar. Heimildir stofnunarinnar eru víðtækar og samkvæmt þeim hafa verið settar ýmsar reglur sem flestar hafa það að markmiði að gera markaðinn gagnsærri.

Verðmerkingar


Allmikil vinna var lögð í að fylgjast með að reglum um verðmerkingar væri framfylgt. Eftirlit með verðmerkingum er margþætt enda þarf að tryggja að verðmerkingar á vöru og þjónustu séu með þeim hætti að neytandinn geti nýtt sér upplýsingarnar.

Eins og fram hefur komið hér að framan fólu breytingar á samkeppnislögum, sem gerðar voru í desember árið 2000, í sér virkari úrræði samkeppnisyfirlalda meðal annars gegn fyrirtækjum sem brjóta gegn reglum um verðmerkingar. Þannig lagði samkeppnisráð 400 þús. kr. stjórnvaldssekt á Heilsu ehf. (ákvörðun nr. 22/2002) sem fór ekki að gildandi reglum um verðmerkingar. Forsaga þessa máls er sú að Samkeppnisstofnun bærust kvartanir vegna þess að Heilsuhúsið við Skólavörðustíg verðmerkti ekki nema hluta af vörum í verslun sinni. Til þess að fá upplýsingar um verð þurfti viðskiptavinurinn að fara með vöruna að skanna sem staðsettur var miðsvæðis í versluninni. Eftir hefðbundna málsmeðferð komst samkeppnisráð að þeirri niðurstöðu að grundvallarreglan í verðmerkingum sé sú að allar vörur, sem seldar eru neytendum, skuli verðmerkja þannig að auðvelt sé að sjá verðmerkinguna. Notkun skanna, sem hið eina form verðmerkingar, fullnægði þannig ekki þeim lögum og reglum sem í gildi eru. Fyrirtækið áfrýjaði ákvörðun samkeppnisráðs til áfrýjunarnefndar samkeppnismála sem staðfesti ákvörðunina. Fyrirtækið undi ekki þeim úrskurði og skaut málinu til dómstóla.

Undanfarin misseri hefur Samkeppnisstofnun gert átak í að koma verðmerkingum í matvöruverslunum á höfuðborgarsvæðinu í betra horf. Á árinu kannaði Samkeppnisstofnun verðmerkingar á samtals 14.600 vörum í 75 verslunum á höfuðborgarsvæðinu. Tilgangur kannananna var að athuga verðmerkingar í hillu og hvort samræmi væri milli verðmerkinga í hillu og verðs í afgreiðslukassa. Niðurstaðan sýndi að misræmið var mun minna á síðastliðnu ári en undanfarin ár eins og sjá má í línuritinu hér að neðan.

Heildarfjöldi athugasemda 1995-2002

Misbrestur í verðmerkingum í matvöruverslunum



Athugun á verðmerkingum í matvöruverslunum á Suðurlandi og Vesturlandi sýndu að ástand verðmerkinga þar er svipað og á höfuðborgarsvæðinu.

Mikið skorti hins vegar á að verðmerkingar í byggingavöruverslunum gætu talist viðunandi en í athugun stofnunarinnar kom í ljós að í 21,5% tilvika voru verðmerkingar ekki í lagi, þar af var kassaverð í 9,6% tilvika hærra en það verð sem gefið var upp í hillu.

Um mitt síðastliðið ár voru verðmerkingar athugaðar í 696 sérvöruverslunum. Athugaðar voru verðmerkingar bæði inni í verslunum og í sýningargluggum. Niðurstaða þessarar athugunar gaf til kynna að enn skorti verulega á að verðmerkingar geti talist viðunandi í sýningargluggum verslana.

Í lok ársins voru birtar reglur um verðmerkingar á bifreiðaeldsneyti. Samkvæmt reglunum eiga olíufélögin að merkja með skýrum hætti verð á eldsneytislítranum við bensíndælur. Samhliða þessu þurfa olíufélögin að reisa stór vegskilti sem sýni verð á eldsneyti.

Verðkannanir

Á árinu 2001 sektaði samkeppnisráð heilðsölufyrirtæki á grænmetis- og ávaxtamarkaði fyrir ólögmaett verðsamráð og beindi því álit til landbúnaðarráðherra að fella niður tolla á grænmeti í því skyni að efla samkeppni. Síðastliðinn vetur voru tollar felldir niður á ýmsum grænmetistegundum og hefur Samkeppnisstofnun fylgst náið með verðþróun á grænmeti og ávöxtum. Fyrsta verðkönnunin var gerð í febrúar 2002 fyrir afnám tolla og náði til allmargra matvöruverslana á höfuðborgarsvæðinu. Meðalverð úr þeirri könnun hefur verið haft til viðmiðunar þegar verðþróun á þessum markaði hefur verið metin en stofnunin gerði mánaðarlegar verðkannanir allt síðastliðið ár. Í lok ársins kom í ljós að meðalverð á öllum tegundum ávaxta hafði lækkað á árinu. Þannig var til dæmis meðalverð á eplum 15-34% lægra í lok ársins en það var í febrúar, meðalverð á appelsínunum var 20% lægra, á banönum 16% lægra, á kíví 30% lægra og á perum 31% lægra. Þetta gilti einnig um margar tegundir grænmetis. Sem dæmi um grænmetistegundir, sem höfðu lækkað í verði, má nefna að meðalverð á íslenskum og innfluttum agúrkum lækkaði um 54-60%, innfluttir tómatar lækkuðu um 39%, ísbergssalat lækkaði um 60%, paprika um 43-59%, blómkál um 59% og rauðlaukur, blaðlaukur, spergilkál og sellerí um 35-51%.

● AÐRAR ÁHERSLUR Í STARFSEMINNI

Starfsmenn Samkeppnisstofnunar tóku sem fyrr þátt í alþjóðlegu samstarfi á sviði samkeppnis- og neytendamála á árinu 2002.

Aftar í skýrslunni er að finna yfirlit yfir allar ákvarðanir og álit samkeppnisráðs árið 2002 ásamt helstu könnunum sem Samkeppnisstofnun gerði. Ákvarðanir og álit í heild sinni auk ýmissa upplýsinga um starfsemi Samkeppnisstofnunar er að finna á vefsvæði stofnunarinnar, www.samkeppni.is. Álit og ákvarðanir samkeppnisráðs, sem og allar fréttatilkynningar Samkeppnisstofnunar, birtast einnig á vefsvæði stofnunarinnar um leið og slíkt efni er gefið út.

▶ SAMKEPPNISSTOFNUN Í FJÖLMIÐLUM

752 fréttir og greinar á árinu 2002


Samkvæmt fjölmiðlagreiningu Fjölmiðlavaktarinnar var fjallað um Samkeppnisstofnun í 752 fréttum og greinum á árinu 2002. Af þessum fjölda birtust 510 fréttir og greinar í prentmiðlum og 242 fréttir í ljósvakamiðlum. Í langflestum tilvikum, 86,7%, var umfjöllunin flokkuð sem hlutlaus, í 11,8% tilvika var hún álitin neikvæð og í 1,5% tilvika jákvæð. Oftast var fjallað um Samkeppnisstofnun í fjölmiðlum í febrúar en þann mánuð birtust 113 greinar og fréttir um stofnunina.

Umfjöllunin var greind í sex flokka. Almenn umfjöllun — þar sem ekki var rætt við neinn né vísað til — nam 34,6%. Í 31,4% tilvika var rætt við talsmenn atvinnulífsins þar sem fulltrúar fyrirtækja voru mest áberandi. Stjórnámálemenn komu við sögu í 14,8% af heildarumfjöllun og starfsmenn Samkeppnisstofnunar í 12,9%. Þá voru fréttir og greinar sem tengdust opinberum aðilum og fulltrúum stofnana og samtaka 10,8% umfjöllunar um stofnunina og aðrir aðilar, meðal annars almenningur, komu við sögu í 6,3% tilvika.


Af prentmiðlum var Morgunblaðið með langflestar fréttir og greinar um Samkeppnisstofnun eða 51,2% af heildarumfjöllun, DV og Fréttablaðið voru með 20% hlutdeild og Viðskiptablaðið 6,1%. Mest umfjöllun ljósvakamiðla var í Ríkisútvarpinu eða 45,5%, Sjónvarpið var með 23,1%, Bylgjan með 17,4% og Stöð 2 með 14%.

Fjölmiðlagreiningin tók einnig til efnisflokka umfjöllunar, sbr. mynd *Helstu málefni*. Eins og sjá má var oftast fjallað um *mál í meðferð* eða í 130 tilvikum.

Helstu málefni á árinu 2002



Þróun þriggja málefna á árinu 2002



▶ ÁKVARÐANIR SAMKEPPNISRÁÐS

ÁKVARÐANIR SAMKEPPNISRÁÐS

1. Ákvörðun um dagsektir vegna neitunar Global Refund á Íslandi hf. um afhendingu gagna og upplýsinga.
2. Erindi vegna sölusýningar í Listasafni Kópavogs.
3. Kvörtun vegna rekstrar á sólbekk á vegum sveitarfélagsins Ölfuss.
4. Kvartanir blómaverslunarinnar Blóm er list, yfir nafni blómaverslunarinnar Blóm og list ehf.
5. Kvörtun Eðalvara ehf. yfir auglýsingum Heilsuverslunar Íslands ehf.
6. Kvörtun sjálfstætt starfandi sjúkrapjálfa yfir samkeppnisstöðu þeirra gagnvart opinberum og hálfopinberum heilbrigðisstofnunum.
7. Erindi vegna meintrar sölusynjunar Eddu-miðlunar og útgáfu hf. á bókum.
8. Erindi Netskila hf. um þróun kerfis til rafrænnar birtingar reikninga.
9. Auglýsingar Heimsferða ehf. þar sem flugvallaskattar eru ekki innifaldir í auglýstu verði.
10. Auglýsingar Úrvals Útsýnar hf. þar sem flugvallaskattar eru ekki innifaldir í auglýstu verði.
11. Auglýsingar Plúsferða ehf. þar sem flugvallaskattar eru ekki innifaldir í auglýstu verði.
12. Auglýsingar Flugleiða hf. þar sem flugvallaskattar eru ekki innifaldir í auglýstu verði.
13. Erindi Halo ehf. vegna meintra brota Veðurstofu Íslands á samkeppnislögum.
14. Kvörtun vegna synjunar Íslenskrar getspár um að setja upp lottóspilakassa í Shellnesti á Húsavík.
15. Kvörtun Dýralæknaþjónustu Suðurlands ehf. vegna embættisverka héraðsdýralæknis.
16. Kvörtun Sveins Skúlasonar hdl. vegna gildandi fyrirkomulags við öflun málflytningsréttinda fyrir Hæstarétti.
17. Erindi Sementsverksmiðjunnar hf. um meinta óréttmæta viðskiptahætti fyrirtækisins Aalborg Portland á Íslandi hf. við sölu á sementi.
18. Erindi INTER vegna gjaldskrárbreytinga ISNIC – Internet á Íslandi hf. vegna greiðslna fyrir lén og aðra þjónustu.
19. Kaup Byko hf., Húsasmiðjunnar hf. og Kaupfélags Skagfirðinga svf. á hlutum í Steinullarverksmiðjunni hf.
20. Kvörtun Tals hf. og Íslandssíma hf. vegna hópáskriftar Landssíma Íslands hf.
21. Kvörtun Allrahanda Ísferða ehf. vegna ferða Kynnisferða sf. frá Flugstöð Leifs Eiríkssonar.
22. Ófullnægjandi verðmerkingar Heilsuhússins.
23. Kvörtun Halló! – Frjálsra fjarskipta ehf. vegna misnotkunar Landssíma Íslands hf. á markaðsráðandi stöðu.
24. Krafa Internets á Íslandi hf. – ISNIC um endurskoðun ákvörðunar samkeppnisráðs nr. 18/2002.
25. Kvörtun Neytendasamtakanna yfir ábyrgðarskilmálum EJS hf.
26. Auglýsingar Heimsklúbbs Ingólfs – Ferðaskrifstofunnar Príma hf. þar sem flugvallaskattar eru ekki innifaldir í auglýstu verði.
27. Samstarf Samskipa hf. og Vöruflugninga Vesturlands ehf. um vöruafgreiðslu, vörudreifingu og vörusöfnun í Borgarnesi og nærsveitum.
28. Kvörtun vegna meintrar mismununar af hálfu Rafiðnaðarsambandsins.

29. Erindi HOB-vína ehf. vegna meintra viðskiptahindrana ÁTVR.
30. Auglýsingar Seglagerðarinnar Ægis ehf.
31. Erindi Heimsklúbbs Ingólfs – Ferðaskrifstofunnar Príma hf. um endurupptöku ákvörðunar samkeppnisráðs nr. 26/2002.
32. Erindi Aalborg Portland Íslandi hf. vegna viðskiptahátta Sementsverksmiðjunnar hf.
33. Krafa Útfararstofu Kirkjugarðanna ehf. um endurskoðun ákvörðunar samkeppnisráðs nr. 32/1996, um fjárhagslegan og stjórnunarlegan aðskilnað milli Útfararstofunnar og Kirkjugarða Reykjavíkurprófastsdæma.
34. Athugun á verðlagningu Línu.Nets ehf. í samningi fyrirtækisins og fræðslumiðstöðvar Reykjavíkur um sk. skólanet.
35. Erindi Línu.Nets ehf. vegna meintrar misnotkunar Landssíma Íslands hf. á markaðsráðandi stöðu fyrirtækisins.
36. Kvörtun Véla og verkfæra ehf. yfir viðskiptaháttum Aseta ehf.
37. Auglýsing Heilsu ehf. með slagorðinu „Guli miðinn tryggir gæðin.“
38. Samningur Baugs Group hf. og Eignarhaldsfélagsins Fengs hf. um stofnun á félagi um rekstur Ávaxtahússins ehf. og Banana ehf.
39. Yfirtaka Sláturfélags Suðurlands svf. á Reykjagarði hf.
40. Kvörtun Salov SpA yfir tölvubréfi Meistaravara ehf.
41. Kvörtun Garðlistar ehf. vegna starfsemi Golfklúbbs Reykjavíkur á samkeppnismarkaði.
42. Kvörtun Garðlistar ehf. vegna starfsemi Golfklúbbsins Keilis á samkeppnismarkaði.

▶ ÁLIT SAMKEPPNISRÁÐS

ÁLIT

1. Kvörtun Arnóls ehf. vegna álits samkeppnisráðs nr. 5/2000.
2. Erindi Samtaka verslunar og þjónustu vegna verðlagningar verðlagsnefndar búvara á mjólkurvörum í heildsölu.

▶ BIRTAR KANNANIR SAMKEPPNISSTOFNUNAR

KANNANIR

1. Verðkönnun á fiski.
2. Verðmerkingar í byggingavöruverslunum ófullnægjandi.
3. Verðþróun á ávöxtum og grænmeti í matvöruverslunum á höfuðborgarsvæðinu í mars.
4. Verðþróun á grænmeti og ávöxtum í matvöruverslunum í apríl.
5. Verðþróun á grænmeti og ávöxtum í matvöruverslunum í maí.
6. Verðþróun á grænmeti og ávöxtum í matvöruverslunum í júní.
7. Verðmerkingar í verslunum.
8. Verðþróun á grænmeti og ávöxtum í matvöruverslunum í ágúst.
9. Verðþróun á grænmeti og ávöxtum í matvöruverslunum í september.
10. Verðþróun á grænmeti og ávöxtum í matvöruverslunum í október.
11. Verð á vetrarhjólborðum og kostnaður við skiptingu.
12. Verðþróun á grænmeti og ávöxtum í matvöruverslunum í nóvember.
13. Verðkönnun hjá hársnyrtistofum.
14. Verðmerkingar í sýningargluggum.
15. Verðþróun á grænmeti og ávöxtum í matvöruverslunum í desember.


► **REKSTRARKOSTNAÐUR ÁRIÐ 2002**

	<i>Dús. kr.</i>
Laun	103.951
Annar rekstrarkostnaður	29.092
Stofnkostnaður	3.674
Heildarrekstrarkostnaður	136.717
Sértekjur	(8)
Mismunur	136.709

► **ÞJÓNUSTUVÍSAR ÁRIÐ 2002**

Samkeppnis- og dómsmál	164
Kannanir á gagnsæi markaðarins	35
Mál á sviði óréttmætra viðskiptahátta	158
Útgáfa	13
Erlend málefni	23

► **SKIPURIT**



► SAMKEPPNISRÁÐ

Brynjólfur Sigurðsson (*til 30. apríl 2002*) Kirstín Flygenring (*frá 1. maí 2002*)
Atli Freyr Guðmundsson Karitas Pálsdóttir
Ólafur Björnsson Sigurbjörn Magnússon (*til 30. apríl 2002*)
Ragnheiður Bragadóttir (*frá 1. maí 2002*)

► SAMKEPPNISSTOFNUN

Samkeppnisstofnun

samkeppni@samkeppni.is

Nöfn


Anna Birna Halldórsdóttir
Anna Dögg Hermannsdóttir
Arnar Óðinn Arnþórsson
Ásgeir Einarsson
Ásta Pálsdóttir
Brynja Hafsteinsdóttir
Georg Ólafsson
Guðmundur Sigurðsson
Guðlaugur Stefánsson
Guðríður Margrét Kristjánsdóttir
Gunnar G. Þorsteinsson
Iðunn Elsa Kristinsdóttir
Ingólfur Pálsson
Kristín Færseth
Kristín Hafsteinsdóttir
Margrét Ólafsdóttir
Margrét Sigurmundsdóttir
Regin Mogensen
Sigurjón Heiðarsson
Sonja Egilsdóttir
Stefán Holm
Steingrímur Ægisson
Steinunn Friðriksdóttir
Valgerður Marinósóttir

Starfssvið

Markaðsmálasvið
Samkeppnissvið
Stjórnsýslusvið
Lagaleg málefni
Stjórnsýslusvið
Samkeppnissvið
Forstjóri
Samkeppnissvið
Hagfræðileg málefni
Samkeppnissvið
Stjórnsýslusvið
Stjórnsýslusvið
Stjórnsýslusvið
Stjórnsýslusvið
Stjórnsýslusvið
Stjórnsýslusvið
Stjórnsýslusvið
Stjórnsýslusvið
Stjórnsýslusvið
Stjórnsýslusvið
Stjórnsýslusvið
Stjórnsýslusvið
Stjórnsýslusvið
Stjórnsýslusvið
Stjórnsýslusvið
Stjórnsýslusvið

Netföng

abh@samkeppni.is
adh@samkeppni.is
arnar@samkeppni.is
asgeir@samkeppni.is
asta@samkeppni.is
brynja@samkeppni.is
samkeppni@samkeppni.is
gsig@samkeppni.is
gudlaugur@samkeppni.is
Lét af störfum á árinu
gunnar@samkeppni.is
iek@samkeppni.is
Lét af störfum á árinu
kristin@samkeppni.is
kristinh@samkeppni.is
Lét af störfum á árinu
margret@samkeppni.is
regin@samkeppni.is
sigurjon@samkeppni.is
sonja@samkeppni.is
stefan@samkeppni.is
steingrimur@samkeppni.is
steinunn@samkeppni.is
valgerdur@samkeppni.is



Umsjón: AP almannatengsl
Umbrot: Nonni og Manni I Ydda
Prentun: Gutenberg



SAMKEPPNISSTOFNUN

Rauðarárstígur 10
Pósthólf 5120
125 Reykjavík
Sími: 552 7422
Bréfasími: 562 7442
www.samkeppni.is
samkeppni@samkeppni.is